

Eyjafjarðardeild Rauða krossins, stjórnarfundur í Viðjulundi, Akureyri, Þriðjudaginn 14. jan. 2025 kl. 17:00

Mætt voru: Þorsteinn K. Björnsson, formaður, Hilmar Friðjónsson, Konráð K. Baldursson, Kristjana Valgeirsdóttir, Jón Baldvin Hannesson, Gísli Kort Kristófersson, Eva Hrund Einarsdóttir.

Boðuðu forföll: Sigríður Stefánsdóttir og Kári F. Lárusson.

Starfsmaður: Ingibjörg Halldórsdóttir, deildarstjóri.

Dagskrá:

1. Aðalfundur Eyjafjarðardeildar Rauða krossins 2025

Gerð er tillaga um að aðalfundurinn verði haldinn fimmtudaginn 13. mars. n.k. klukkan 17:30 í Viðjulundi. Tillagan var samþykkt.

2. Fækkun stjórnarmanna í stjórn Eyjafjarðardeildar Rauða krossins

Rædd var tillaga formanns um fækkun stjórnarmeðlima í deildarstjórn Eyjafjarðardeildar. Deildarstjórnin verði skipuð sjö félögum að formanni meðtöldum, auk tveggja varamanna. Kjósa skal þrjú aðalmenn til tveggja ára í senn á árum sem enda á oddatölu. Á árum sem enda á sléttri tölu skal kjósa fjóra aðalmenn til tveggja ára. Formaður er kosinn sérstaklega. Leitast skal við að skipan deildarstjórnarinnar endurspegli fjölbreytileika samfélagsins á starfssvæði deildarinnar svo sem með tilliti til kyns, þjóðernis og búsetu. Tillagan var samþykkt.

3. Skipun í uppstillingarnefnd vegna stjórnarkjörs á aðalfundi

Lagt er til að stjórnin feli deildarstjóra að finna þrjú félagi í uppstillingarnefnd. Tillagan var samþykkt.

4. Starfsmannamál

Deildarstjóri hefur ráðið húsvörð í fast starf frá og með 1. Janúar 2025.

5. Viðræður um hugsanlega sameiningu Eyjafjarðardeildar og Þingeyjarsýsludeildar RK

Farið var yfir stöðu mála. Óformlegt samtal hefur átt sér stað en að óbreyttu telur stjórn Eyjafjarðardeildar ekki forsendur til staðar sem gera sameiningu fýsilega.

6. Önnur mál

- Rætt um skiptingu tekna af fataverkefni milli Eyjafjarðardeildar og aðalskrifstofu.

Deildarstjóra falið að ganga eftir svari frá aðalstjórn við erindi Eyjafjarðardeildar sem samþykkt var á stjórnarfundum 25. okt. 2024.

- Akureyrardeild var fyrsta deild innan Rauða krossins á Íslandi, stofnuð 29. janúar 1925. Ákveðið að halda upp á þessi tímamót í Viðjulundi, bjóða íbúum á starfssvæðinu til veislu og

nýta tækifærið til að kynna starfsemina og hvernig nýliðar gætu komið inn í starfið.
Starfsmenn deildarinnar sjá um framkvæmdina.

Undirritunarsíða

Formaður
Þorsteinn Kristinn Björnsson

Gjaldkeri
Hilmar Friðjónsson

Meðstjórnandi
Gísli Kort Kristófersson

Meðstjórnandi
Kristjana Valdey Valgeirsdóttir

Meðstjórnandi
Konráð Karl Baldvinsson

Meðstjórnandi
Eva Hrunn Einarsdóttir

Varamaður
Jón Baldvin Hannesson